

Samningur um rekstur knattspyrnuvalla í Garðabæ

Garðabær, kt. 570169-6109, og Ungmennafélagið Stjarnan, kt. 611175-0199, gera hér með eftirfarandi samning um rekstur íþróttavalla við Ásgarð og í Hofsstaðamýri.

1. gr.

Stjarnan tekur að sér rekstur íþróttavalla við Ásgarð og í Hofsstaðamýri. Svæðin eru afmörkuð á meðfylgjandi teikningum frá tækni- og umhverfissviði Garðabæjar, sem eru merkt sem **fskj. I**, fyrir Ásgarð, og **fskj. II**, fyrir Hofsstaðavöll, með samningi þessum. Einnig tilheyra svæðinu þrír lausir búningasklefar (í gámum), auk vallarhúss og stúku. UMF Stjarnan ber ábyrgð á að þrif séu framkvæmd reglulega á þessum svæðum. UMF Stjarnan hefur afnot af búningasklefum í íþróttahúsi við Hofsstaðamýri í tengslum við kappleiki sé þess óskað. Stjarnan hefur einnig afnot af geymslum austan við „gamla Ásgarð“, sem áður voru búningasklefar.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020 og kemur í stað samnings dags. 1. apríl 2015. Heimilt er að endurskoða samninginn vegna breytinga í tengslum við nýframkvæmdir á vallarsvæðunum.

2. gr.

Gera skal úttekt á ástandi gervigrasvalla og hafa handbæra þjónustubók um þá. Samningsaðilar skulu sameiginlega framkvæma skoðun á öðrum mannvirkjum sem falla undir samninginn. Stjarnan skuldbindur sig til að skila eignum aftur að samningstíma liðnum í sambærilegu ástandi og þær eru í við afhendingu, að teknu tilliti til eðlilegrar notkunar.

Stjarnan ber óskerta ábyrgð á spjöllum, sem kunna að verða á eignum, að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar notkunar eða stafa af atvikum, sem eru féluginu óviðkomandi.

3. gr.

Til rekstrar svæðanna greiðir Garðabær Stjörnunni kr. 49.330.000 á ári, sem greiðist með mánaðarlegu framlagi samkvæmt greiðsluáætlun sem fjármálastjóri Garðabæjar gerir. Fjárhæðin kemur til endurskoðunar við afgreiðslu á fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir hvert ár á gildistíma samningsins.

Garðabær greiðir fasteignagjöld og eignatryggingar vegna mannvirkja sem undir samninginn falla, auk kostnaðar við snjómokstur og orkukaup vegna flóðlýsingar og upphitunar vallarsvæðis og vallarhússins.

Garðabær mun vinna að því að uppfylla skilyrði KSÍ varðandi leyfi til kappleikja á aðalvöllinum og greiðir þær úttektir á aðalvöllinum sem krafist er af FIFA vegna leikheimilda.

Stjarnan annast allar skuldbindingar sem félagið gerir vegna svæðanna og nýtur tekna sem koma vegna þess á samningstímanum.

4. gr.

Stjörnunni er heimilt að reka veitingasölu á íþróttavöllum að uppfylltum skilyrðum sem um slíka starfsemi gildir. Stjörnunni er heimilt að setja auglýsingaskilti á hefðbundna staði á íþróttasvæðinu við Ásgarð.

Óheimilt er að auglýsa vörumerki sem tengjast áfengi og tóbaki og Stjarnan skal virða þær reglur sem gilda um bann á slíkum auglýsingum.

5. gr.

Stjarnan skal annast daglega ræstingu, þrif og viðhald tækja, húseigna, íþróttavalla og umhverfis sem undir samning þennan heyra, með eftirfarandi hætti:

- a. Húseignum, sbr. 1. gr., skal vel við haldið. Stjörnunni er skylt að annast á sinn kostnað allt minniháttar viðhald, svo sem lagfæringar á læsingum, vatnskrönum, raftenglum, rafmagnsinnstungum, hreinlætistækjum, þrifamálun og annað tilfallandi viðhald, þó ekki endurnýjun innréttinga, tækja eða búnaðar. Viðhald, sem Stjarnan telur að falli utan samnings þessa, skal óheimilt að framkvæma nema til hafi komið formlegt samþykki bæjarverkfræðings eða aðila, sem hann tilnefnir. Að öðrum kosti skulu þær framkvæmdir kostaðar af Stjörnunni.
- b. Stjarnan skal annast viðhald á gervigras- og grasvöllum. Félagið sér einnig um sandblakvöllinn og umhirðu hans. Völlunum skal ætíð haldið í leikhæfu ástandi, en notkun þeirra ella bönnuð. Stjarnan sér um að eftirlit og umsjón með gervigrasvöllum verði í samræmi við viðhaldsáætlun framleiðanda, sjá **fskj. III** (viðhaldsáætlun) Snjóruðningur og burstun æfingasvæða og aðalvallar er í höndum Stjörnunnar. Snjóruðningi skal haldið í lágmarki. Kostnaður við Innfylliefni á gervigrasvelli skal greiddur af Garðabæ.
- d. Öllu umhverfi og gróðri á svæðinu skal vel við haldið og kappkostað, að svæðið sé ætíð snyrtilegt. Sérstakar umgengnisreglur, sbr. **fskj. IV** hafa verið samdar fyrir vellina og ber bæði rekstraraðila og iðkendum að gæta þeirra reglna sem þar koma fram.
- e. Gert er ráð fyrir 100% starfi vallarstjóra til þess að hafa umsjón og eftirlit með svæðunum. Hann stjórnar reglubundnu viðhaldi á þeim mannvirkjum sem Stjarnan hefur yfir að ráða hverju sinni. Stjörnunni er heimilt að ráða verktaka til að sinna störfum umsjónarmanns og til að sinna viðhaldsverkum. Starfsmaður starfi skv. starfslýsingu vallarstjóra, sjá **fskj. V**. Aðstaða til viðhalds tækja verði í áhaldahúsi Garðabæjar í samráði við þjónustumiðstöð bæjarins. Vallarstjóri hefur umsjón og eftirlit með hitastýringum á snjóbræðslukerfum vallarsvæðanna.
- f. Íþróttafulltrúi Garðabæjar hefur eftirlit með því að eðlilegu viðhaldi sé sinnt og skal með sannanlegum hætti gera Stjörnunni aðvart, ef viðhald vallanna eða mannvirkja er vanrækt. Íþróttafulltrúi og rekstrarnefnd Stjörnunnar skulu halda a.m.k. tvo fundi á ári á samningstíma um framkvæmd samningsins. Vanræki Stjarnan að sinna viðhaldi, sem samningur þessi gerir ráð fyrir, er Garðabæ heimilt að framkvæma það, sem nauðsyn krefur, og draga kostnaðinn frá greiðslum samkvæmt 3. gr.
- g. Leiði óviðráðanlegar eða ófyrirsjáanlegar aðstæður til kostnaðar umfram það sem samningur þessi gerir ráð fyrir getur Stjarnan farið fram á viðræður við Garðabæ um endurgreiðslu vegna hans.

6. gr.

Skólar bæjarins skulu hafa afnot af battavöllum á skólatíma, þ.e. milli kl. 8:00 og 14:00 virka daga. Tómsundaheimili skólanna skulu hafa afnot af battavöllum í samráði við Stjörnuna til kl. 17:00 virka daga. Afnot skóla af æfingasvæðum skulu vera í samráði við Stjörnuna. Gervigrasvöllur í bæjargarði skal opinn bæjarbúum til afnota þegar Stjarnan er ekki með skipulagðar æfingar eða mót á vellinum. Bókanir á sandblakvöllum skal vera í höndum Stjörnunnar og ganga þeir fyrir um notkun valla sem bókað hafa fyrirfram. Að jafnaði skal einn sandblakvöllur vera opinn almenningi.

7. gr.

Breytingar á íþróttasvæðunum eða viðkomandi húseignum eru óheimilar nema með samþykki Garðabæjar. Stjörnunni er heimilt að nefna völl eða velli eftir styrktaraðilum

félagsins samkvæmt tímabundnum samningum við þá og merkja vellina þannig til aðgreiningar hvern frá öðrum. Slíkir samningar um nafngiftir og merkingar skulu bornir undir Íþróttafulltrúa Garðabæjar til samþykktar.

8. gr.

Á **fskj. VI** sem er hluti þessa samnings, er listi yfir tæki til umhirðu og viðhalds vallanna auk íþróttahalda, sem Garðabær leggur Stjórnunni til. Félagið ber allan rekstrarkostnað af tækjum og skal viðhalda þeim eins vel og kostur er, skila þeim í lok samningstíma í sambærilegu ástandi og við upphaf hans miðað við eðlilega notkun.

9. gr.

Iðkendur og flokkar Stjórnunnar ganga fyrir um æfingatíma og kappleiki á svæðunum. Þar á eftir koma íþróttafélög innan Garðabæjar s.s. UMF Álftaness og KFG. Önnur þjónusta við íþróttahópa utan Stjórnunnar er samningsatriði við Stjórnuna. Séu vellirnir leigðir út utan þessara æfingatíma, renna leigutekjur til Stjórnunnar. Gjaldskrá vegna leigu valla skal ákvörðuð sameiginlega af samningsaðilum.

Stjarnan skal annast innheimtu leigugjalda. Nánar fyrirkomulag skal ákvarðað af Stjórnunni í samráði við Íþróttafulltrúa Garðabæjar.

10. gr.

Garðabær ber engan kostnað vegna rekstrar svæðisins umfram það sem fram kemur í samningi þessum.

Garðabæ, xxxxxxxx

F.h. Garðabæjar

F.h. Ungmennafélagsins Stjórnunnar

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Sigurður Bjarnason,
formaður.

Vottar:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Fylgiskjöl

Fylgiskjal I	Ásgarður – uppdráttur
Fylgiskjal II	Hofsstaðavöllur – uppdráttur
Fylgiskjal III	Viðhaldsáætlun
Fylgiskjal IV	Umgengnisreglur
Fylgiskjal V	Starfslýsing vallarstjóra
Fylgiskja VI	Tækjalisti